

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Stykkishólms.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 14. júní 1993 staðfest deiliskipulag miðbæjarsvæðis í Stykkishólmi.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Stykkishólms hefur samþykkt deiliskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra.

*Umhverfissráðuneytið, 14. júní 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um vörugjald af ökutækjum.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### *Upphafsaákvæði.*

##### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, ökutækjahlutum og öðrum vörum, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, sbr. 87. kafla viðauka við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

##### *Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.*

##### 2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra vara, sbr. II. kafla, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins, framleiddar eru eða unnið er að hér á landi. Vörur sem seldar eru úr landi eru þó ekki gjaldskyldar.

Gjaldskylda vegna aðvinnslu að ökutækjum, sem leiðir til hækkunar á gjaldflokki sbr. 3. og 4. gr., varir í fimm ár frá nýskráningardegi.

Við flokkun vara til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

#### II. KAFLI

##### Gjaldflokkar og gjaldtegundir.

##### *Gjaldflokkar ökutækja.*

##### 3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. grein, skal lagt vörugjald í eftirfarandi fjórum gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum: